

Miðvikudaginn 18. september 1991.

Nr. 31/1991,
83/1991
og 143/1991.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kalmanni Hafsteinsyni

(Páli Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Með stefnu, sem út var gefin 18. desember 1990, áfrýjaði ríkissaksóknari til Hæstaréttar dómi sakadóms Gullbringusýslu frá 28. júní sama ár. Var það gert að ósk ákærða, sem hann bar fram á dómþingi, þegar honurn var birtur dómurinn 9. júlí.

Með stefnu 6. febrúar 1991 áfrýjaði ríkissaksóknari dómi sakadóms Reykjavíkur 18. janúar sama ár. Var það gert að ósk ákærða, en einnig var áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Loks áfrýjaði ríkissaksóknari 26. mars 1991 dómi sakadóms Gullbringusýslu frá 26. febrúar sama ár. Hafði ákærði óskað áfrýjunar, en ríkissaksóknari áfrýjaði einnig til sakfellingar samkvæmt ákærum og þyngingar á refsingu.

Málin hafa verið sameinuð, og voru þau flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Þess er ekki óskað, að um skaðabótakröfur sé fjallað í Hæstarétti. Bótaákvæði héraðsdómanna koma því ekki til endurskoðunar, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu dóma um annað en refsingu ákærða. Eftir að hinn síðasti þeirra var upp kveðinn 26. febrúar sl., var ákærði fundinn sekur um fjársvik með dómi sakadóms Gullbringusýslu 25. mars, en ekki gerð sérstök refsing. Hinn 13. þ.m. féll í sakadómi Keflavíkur dómur, þar sem ákærði var sakfelldur fyrir fjársvik og gert að sæta fangelsi í 45 daga. Líta ber til 71., 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar refsing ákærða er ákveðin, og þykir hún hæfileg 20 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ólafur Kalmann Hafsteinsson sæti fangelsi 20 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eru staðfest, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málanna, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000,krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 28. júní 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 28. júní, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er á skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þórdísi Bjarnadóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 90.0294: Ákærvaldið gegn Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið var höfðað á hendur Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Seljavogi 2, Höfnum, kt. 271052-3249:

A. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 13. mars 1990, „fyrir að hafa laugardaginn 8. apríl 1989 stolið sjónvarpstæki og hljómflutningstækjum að Seljavogi 2 í Höfnum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

B. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 30. mars 1990, „fyrir skjalafals og fjársvik með því að nota í febrúar 1990 stolið vísa-greiðslukort nr. 4548 9000 0004 6203 í eigu og með nafnritun Þorbergs Steins Leifssonar og um leið falsað nafn þess manns á eftirtaldar 5 sölunótur, sem ákærði notaði til að greiða fyrir vörur og þjónustu, svo sem nánar verður rakið:

1. Nr. 7299034, kr. 6.250, dagsett 17. febrúar. Greiddur akstur með bíl frá Bæjarleiðum.

2. Nr. 0225490, kr. 1.678, dagsett sama dag. Greiddar vörur í Kaffivagninum á Grandagarði.

3. Nr. 0225492, kr. 1.318, dagsett sama dag. Sama notkun.

4. Nr. 3915202, kr. 740, dagsett 16. febrúar. Greiddur akstur með bíl frá Bæjarleiðum.

5. Nr. 4528260, kr. 515, dagsett 17. febrúar. Greiddur akstur með bíl frá Hreyfli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

C. Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 18. júní 1990, „fyrir eftirtalin brot, framin í Reykjavík í febrúar 1990:

I. Þjófnaður.

Sunnudaginn 25. febrúar stolið veski af manni í Austurstræti við hús nr. 7-9, en í veskinu voru tékkhefti á reikninga við Landsbanka Íslands, aðalbanka, og Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, auk tveggja annarra tékkhefta, þriggja bankakorta og skilríkja.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Tékkafals.

Í framhaldi af þessu notað í viðskiptum eftirtalda 5 falstékka á eyðublöðum úr framangreindum tékkheftum, og fékk ákærði einhverja unglinga til að aðstoða sig við fölsunina. Eru tékkarnir allir til handhafa, Landsbanka-tékkarnir með nafni útgefanda, Jónas Sigurðsson, og reikningsnúmeri 1429, en sparisjóðstékkinn með nafni útgefanda, Gunnar Sigurðsson, og reikningsnúmeri 3412:

A. Landsbankatékkar.

1. Nr. 2032184, kr. 6.000, dagsettur 26. febrúar. Notaður í veitingahúsinu Svörtu pönnunni, Hafnarstræti 17.

2. Nr. 2032186, kr. 6.000, dagsettur 27. febrúar. Notaður til að greiða fyrir akstur í leigubíl, og er tékkinn framseldur af kunningja ákærða, Georg Heiðari Eyjólfssyni.

3. Nr. 2032187, kr. 6.000, dagsettur 26. febrúar. Notaður í matvöruverslun við Baldursgötu. Á tékkanum er falsað framsal, Sandra Huga-dóttir.

4. Nr. 2032192, kr. 6.000, dagsettur 27. febrúar. Notaður í Laugavegs-apóteki, Laugavegi 11. Á tékkann er falsað sama nafn framseljanda.

B. Sparisjóðstékki.

5. Nr. 4394793, kr. 5.000, dagsettur 22. febrúar. Notaður í veitingastað að Laugavegi 116. Á tékkann er falsað sama nafn framseljanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

II.

A. Þriðjudaginn 11. apríl 1989 óskaði Guðrún Kalmannsdóttir, Seljavogi 2, Höfnum, eftir aðstoð lögreglu vegna þjófnaðar á sjónvarpi og hljómflutningstækjum af heimili sínu, en þá var hún nýkomin heim eftir viku-fjarveru. Guðrún er móðursystir Ólafs, og sagði hún við skýrslutöku hjá lögreglu, að Ólafur byggi hjá sér og að hún grunaði hann um þjófnaðinn.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi tekið leigubíl laugardaginn 8. apríl 1989 frá Reykjavík að Seljavogi 2, Höfnum. Taldi hann bílinn frá leigubílastöðinni Hreyfli. Þar sem hann var peningalaus og leigubílstjórinn hótaði að færa hann á lögreglustöðina, ef hann borgaði ekki, bauð hann leigubílstjóranum sjónvarp og hljómflutningstæki móðursystur sinnar sem greiðslu fyrir ferðina og vildi jafnframt fá kr. 20.000 í milligreiðslu. Ákærði kvað leigubílstjórann hafa tekið boðinu með kr. 10.000 í milligjöf. Bílstjórinn hefur ekki fundist þrátt fyrir leit lögreglu.

Sannað þykir með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru þessari. Varðar framangreind háttsemi við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

B. Hinn 17. febrúar 1990 tilkynnti greiðslukortafyrirtækið VÍSA-Ísland til lögreglunnar í Keflavík, að leigubílstjóri væri staddur við Ósland í Höfnum, en þar hefði farþegi framvísað stolnu greiðslukorti. Lögreglumenn knúðu dyra að Óslandi, og kom ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinson, til dyra og viðurkendi að hafa komið með umræddri leigubílfreið skömmu áður frá Reykjavík. Afhenti ákærði lögreglumönnum svo vísa-greiðslukort, sem hann kvaðst hafa notað til að greiða fyrir aksturinn. Í framhaldi af þessu var ákærði færður á lögreglustöðina.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi stolið greiðslukorti af manni, sem var ofurólvi á skemmtistaðnum Hótel Borg 15. febrúar 1990. Sagði hann, að maðurinn hefði legið milli svefnis og vöku uppi í sófa, og sá ákærði, að veski mannsins stóð upp úr vasa hans. Ákærði tók veskið og hvæf af skemmtistaðnum skömmu síðar. Hann henti veskinu, en tók áður úr því tékkhefti, bankakort og vísa-greiðslukort. Hann kvað enga peninga hafa verið í veskinu. Ákærði sagðist hafa notað greiðslukortið tvisvar til þrisvar fyrir leigubílum í „innanbæjarskul“, og hefði það allt verið smáar upphæðir, en stærsta upphæðin hefði verið fyrir akstur í leigubíl frá Reykjavík í Hafnirnar. Fimm greiðslukortanótur liggja nú fyrir, sem Ólafur Kalmann Hafsteinson notaði til að greiða fyrir leigubílaakstur o.fl., eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði kannaðist við að hafa ritað undir fjórar þeirra, en eina þeirra stafina ÞBEKK, en ekki nafnið, sem á eftir kom.

Verður því að telja sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi notað stolið greiðslukort og falsað nafnritun eiganda á

fimm sölunótur. Telst háttsemi þessi eingöngu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en sú grein tæmir sök gagnvart 248. gr. sömu laga.

C.

I. Þjófnaður.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990 kærði Jónas Sigurðsson til rannsóknar- lögreglu ríkisins þjófnað á seðlaveski sínu, sem hafði átt sér stað sunnudaginn 25. febrúar 1990. Hafði hann Ólaf Kalmann Hafsteinsson grunaðan um þjófnaðinn. Jónas gat ekki skýrt nákvæmlega frá málsatvikum, þar sem hann var mjög ölvaður, þegar þjófnaðurinn var framinn.

Ákærði, Ólafur Kalmann, hefur skýrt svo frá, að umræddan sunnudag hafi hann verið staddur á hádegisbarnum á Hótel Borg. Þá veitti hann athygli áberandi ölvuðum manni og sá, að hann hafði talsvert af ávísunum og kortum í veski sínu. Jafnframt tók hann eftir konu, sem var að „tuska manninn til“. Ólafur hafði hug á að koma höndum yfir veski mannsins, og elti hann mann þennan svo og karl og konu, sem fóru ásamt manningnum út af Hótel Borg. Þegar fólkíð var komið nálægt „Hallærisplaninu“, féll maðurinn í götuna, og notaði ákærði þá tækifærið og sótti veskið í innri jakkavasa hans. Konan mótmælti þessu, en hann sinnti því eigi.

Telja verður sannað samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákæru. Varðar framangreint brot við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Tékkafals.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi fljótlega eftir þjófnaðinn hafist handa um að verða sér úti um fjármuni með því að láta útbúa tékka úr tékkheftum mannsins. Fór hann með tékkheftin á Hlemm og fékk sér til hjálpar unglinga, sem hann vissi engin deili á, til að falsa tékkana og skipta þeim gegn greiðslu. Ólafur fékk hjálp við fölsunina, þar sem skriftarkunn- átta hans er lítil. Hann kvaðst ekki muna, hversu marga tékka hann lét falsa.

Telja verður sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákæru. Varðar sú háttsemi við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

D.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og sakavottorði hans hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði.

Með hliðsjón af 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi í níu mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 21-22/1991: Ákærvaldið gegn X og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. desember 1990, á hendur ákærðu, „X [...] og Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni, Seljavogi 2, Höfnum, Gullbringusýslu, fæddum 27. október 1952, fæðingarnúmer 324, fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík á árinu 1990:

I. Ólögmet meðferð á fundnu fé.

Ákærða X er einum gefið að sök að hafa að kvöldi fimmtudagsins 21. júní kastað eign sinni á seðlaveski, sem ákærði fann í Austurstræti við Íslandsbanka, en í veskinu var vísa-greiðslukort, ökuskírteini og nótur.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Skjalafals og fjársvik.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í framhaldi af þessu notað í heimildarleysi greiðslukortið, sem er nr. 4548 9000 0030 6961, í eigu og með nafnritun Örlygs Ólafssonar, og um leið falsaði ákærði X undirskrift þess manns undir eftirtaldar sölunótur, sem ákærðu notuðu sem greiðslu á vörum, veitingum og þjónustu, svo sem nánar verður rakið:

1. Nr. 9789806, kr. 4.600, dagsett 22. júní. Greitt fyrir vörur í Skómarkaðnum, Hverfisgötu 89.

2. Nr. 9789807, kr. 1.745, dagsett sama dag. Sama notkun.

3. Nr. 5770348, kr. 1.980, dagsett 21. júní. Greitt fyrir veitingar í Hard Rock Café, Kringlunni 8-12.

4. Nr. 3366661, kr. 960, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Ölkjallaranum, Pósthússtræti 17.

5. Nr. 3366658, kr. 960, dagsett sama dag. Sama notkun.

6. Nr. 8562584, kr. 1.900, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í bíl frá Hreyfli.

7. Nr. 7208952, kr. 595, dagsett 22. júní. Greitt fyrir akstur í bíl frá Bæjarleiðum.

8. Nr. 2693560, kr. 548, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í Matvöru-búðinni Grímsbæ, Efstalandi 26.

9. Nr. 8562585, kr. 1.900, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í bíl frá Hreyfli.

10. Nr. 5918136, kr. 1.660, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í versluninni Nóatúnum, Nóatúni 17.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. III. Tékkaþing.

Ákærða Ólafi Kalmanni er einum gefið að sök að hafa 9. júlí notað í Versluninni Austurstræti 17 og framselt eigin nafni, er ákærði keypti þar vörur, falsaðan tékka, að fjárhæð kr. 7.500, á stolnu eyðublaði nr. 0113144 úr tékkhefti frá Sparisjóði Reykdæla, Laugum, Suður-Þingeyjarsýslu, en tékkann hafði ákærði sjálfur falsað með nafni útgefanda, Guðmundur Hafsteinsson, og reikningsnúmeri 1236. Tékkin er til handhafa, dagsettur 9. júlí 1990.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

I. Ákærði X hefur viðurkennt að hafa slegið eign sinni á seðlaveski ásamt því innihaldi, sem í ákærinni greinir. Hefur hann með þessu orðið brotlegur við 246. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa staðið saman að því að nota greiðslukort annars manns, eins og lýst er í ákæru, og í því sambandi látið úti falsaðar sölunótur. Er viðskiptunum rétt lýst í ákæru. Hafa þeir með þessu orðið sekir um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sem þykir tæma sök í þessu tilviki.

III. Ákærði Ólafur Kalmann hefur viðurkennt að hafa selt þann falsaða tékka, sem ákært er fyrir. Kveðst hann hafa fengið annan mann til þess að útfylla tékkann, en sjálfur hafi hann notað tékkann í Versluninni Austurstræti 17. Hefur ákærði með þessu orðið brotlegur við 1. mgr. 155.

gr. almennra hegningarlaga. Að kröfu verslunarinnar ber að dæma ákærða til þess að greiða 7.500 krónur í bætur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 20. júlí 1990 til greiðsludags.

Viðurlög.

Ákærði Ólafur Kalmann hefur til þessa verið dæmdur tólf sinnum, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður átta sinnum fyrir ýmis brot. Refsing ákærða nú er að hluta til hegningarauki við níu mánaða fangelsisdóm. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, X og Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti hvor um sig fangelsi í sex mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 26. febrúar 1991.

Mál þetta var höfðað með tveimur ákærum rikissaksóknara, dags. 15. október og 9. nóvember 1990, og dómtekið fyrr í dag. Ákærði er Ólafur Kalmann Hafsteinsson, kt. 271052-3249, með lögheimili að Seljavogi 2 í Höfnum.

Í fyrri ákæru eru honum gefin að sök „.... skjalafals og fjársvik með því að hafa í júní 1990 í Reykjavík notað í heimildarleysi eurocard-greiðslukort nr. 5414 8300 1859 2112 í eigu og með nafnritun Gísla Ólafssonar og um leið falsað undirskrift þess manns á eftirtaldar 28 sölunótur, sem ákærði notaði sem greiðslu á vörum, veitingum og þjónustu, svo sem nánar verður rakið:

1. Nr. 6242994, kr. 400, dagsett 13. júní. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Hreyfli.

2. Nr. 5344029, kr. 320, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum.

3. Nr. 3421954, kr. 500, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Sportklúbbnum, Börgartúni 32.

4. Nr. 3421955, kr. 470, dagsett sama dag. Sama og 3. tl.
5. Nr. 3421956, kr. 560, dagsett sama dag. Sama og 3. tl.
6. Nr. 7336688, kr. 1.220, dagsett 15. júní. Greitt fyrir veitingar í Tunglinu við Lækjargötu.
7. Nr. 4642462, kr. 530, dags. sama dag. Greitt ökugjald.
8. Nr. 6088416, kr. 640, dags. sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Hreyfli.
9. Nr. 7056563, kr. 600, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Risinu, Borgartúni 32.
10. Nr. 7876292, kr. 570, dagsett sama dag. Sama og 6. tl.
11. Nr. 7820357, kr. 6.000, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Snarlhúsinu Kabarett, Austurstræti 4.
12. Nr. 6329971, kr. 1.900, dagsett sama dag. Greitt fyrir aðgöngumiða á dansleik í Tunglinu við Lækjargötu.
13. Nr. 3421959, kr. 1.310, dagsett sama dag. Sama og 3. tl.
14. Nr. 3421961, kr. 1.070, dagsett sama dag. Sama og 9. tl.
15. Nr. 7056564, kr. 300, dagsett sama dag. Sama og 9. tl.
16. Nr. 8844942, kr. 4.560, dagsett sama dag. Greitt fyrir vörur í söluturninum Efstalandi 26.
17. Nr. 5319031, kr. 2.500, dagsett 16. júní. Greitt til leigubílstjóra fyrir akstur o.fl.
18. Nr. 7105919, kr. 390, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum.
19. Nr. 7876294, kr. 720, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum.
20. Nr. 7876293, kr. 2.000, dagsett sama dag. Sama og 6. tl.
21. Nr. 7501217, kr. 850, dagsett 14. júní. Greitt fyrir veitingar í Duushúsi, Aðalstræti 4.
22. Nr. 7501218, kr. 480, dagsett sama dag. Sama og 21. tl.
23. Nr. 8380890, kr. 490, dagsett sama dag. Greitt fyrir veitingar í Fógetanum, Aðalstræti 10.
24. Nr. 7667307, kr. 430, dagsett sama dag. Greitt fyrir vöruf í söluturninum Texas, Veltusundi 3.
25. Nr. 6112025, kr. 990, dagsett sama dag. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá BSR.
26. Nr. 7820361, kr. 700, dagsett sama dag. Sama og 11. tl.
27. Nr. 7820360, kr. 3.375, dagsett sama dag. Sama og 11. tl.
28. Nr. 1576169, kr. 1.550, dagsett 15. júní. Greitt fyrir akstur í leigubíl frá Bæjarleiðum“.

Í síðari ákæru er ákærði talinn hafa gerst sekur um „..... þjófnað með því að hafa þriðjudaginn 26. júní 1990 stolið peningaveski frá Albert Har-

aldssyni, kt. 041063-5489, á Hressingarskálanum í Austurstræti í Reykjavík, en í veskinu voru meðal annars um 1.000 krónur“.

Í fyrri ákæru eru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í hinni síðari við 244. gr. almennra hegningarlaga. Í báðum ákærum er krafist refsingar ákærða og greiðslu alls sakarkostnaðar úr hans hendi. Þá er í fyrri ákæru áskilnaður um bótakröfur, komi þær fram. Mál skv. ákærum þessum voru sameinuð.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi játað brot þau öll, sem talin eru í ákærunum, að því undanskildu, að hann hefur fyrir dómi haldið því fram, að engir peningar hafi verið í seðlaveskinu, er síðari ákæra lýtur að. Að athuguðu máli verður að telja, að eigi sé fram komin full sönnun þess, að peningar hafi verið í veskinu. Taka veskisins varðar, hvað sem þessu líður, við 244. gr. almennra hegningarlaga. Varðandi fyrri ákæru verður að telja, að 1. mgr. 155. gr. tæmi sök gagnvart 248. gr., og verður ákærða því eigi dæmd refsing skv. síðastnefndu ákvæði.

Skv. framlögðu sakavottorði hefur ákærði sætt þessum refsingum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir 12 refsidómar frá árunum 1981 til 1990, hinn síðasti 28. júní 1990 (níu mánaða fangelsi fyrir skjalfals og svik).]

Svo sem sjá má af sakavottorði ákærða, er hann vanaafbrotamaður. Frá upphafi hefur honum verið ákvörðuð óskilorðsbundin refsivist í samanlagt nærfellt þrjú og hálf ár. Ákvarða verður honum nú hegningarauka við dóminn frá 28. júní sl. Sýnist að öllu athuguðu og með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga rétt að gera ákærða nú fangelsi þrjá mánuði. Þá verður að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar. Engar bótakröfur hafa verið hafðar uppi í máli þessu.

Með umboðsskrá dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 21. janúar sl., var Jóni Finnbjörnssyni, settum héraðsdómara á Keflavíkurflugvelli, falin meðferð máls þessa, og kveður hann upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Kalmann Hafsteinsson, sæti fangelsi þrjá mánuði og greiði allan sakarkostnað.